

Efnisyfirlit	Inngangur	4
	Meginefni upprunareglanna	5
	Ávinningur útflytjenda af samræmdum upprunareglum	6
	Ríki með samræmdar upprunareglur í fríverslunarsamningum	7
	<ul style="list-style-type: none"> • <i>Ríki Evrópusambandsins</i> • <i>EFTA ríkin</i> • <i>Ríki í Mið- og Austur-Evrópu</i> 	
	Upprunavara	8
	<ul style="list-style-type: none"> • <i>Vara að öllu leyti fengin á Íslandi/EES</i> • <i>Sérreglur um uppruna sjávarafurða</i> • <i>Nægileg aðvinnsla</i> • <i>Aðvinnsla þriðja lands hráefnis</i> • <i>10% frávikareglan</i> • <i>Bókhaldsleg aðgreining</i> • <i>Einföld aðvinnsla</i> 	
	Víðtæk eða þríhliða uppsöfnun uppruna	12
	Verðmæti hráefnis og vinnslu	14
	Frjáls flutningur vara	15
	Upprunasannanir	16
	<ul style="list-style-type: none"> • <i>Undanþága frá framlagningu upprunaskírteina</i> • <i>EUR.1 skírteini</i> • <i>Yfirlýsing á vörureikningi</i> • <i>Texti yfirlýsingar á vörureikningi</i> • <i>Sannprófun upprunagagna</i> • <i>Upprunavottorð – “Certificate of Origin”</i> 	
	Flæðirit til ákvörðunar upprunaréttinda	19
	Dæmi með útfylltum eyðublöðum	20
	<ul style="list-style-type: none"> • <i>Umsókn um flutningsskírteini</i> • <i>EU.1 skírteini</i> • <i>Upprunavottorð</i> • <i>Umsókn um vottorð</i> 	

Inngangur

Í byrjun árs 1997 tóku gildi nýjar upprunareglur samkvæmt flestum fríværslunarsamningum sem Ísland er aðili að. Mikilvægastur er samningurinn um evrópska efnahagssvæðið (EES) en hann var undirritaður árið 1992. Auk EES samningsins eru í gildi fríværslunarsamningar við ýmis ríki Mið- og Austur-Evrópu. Í þeim er kveðið á um tollafrávilnanir í vöruviðskiptum milli samningsaðila, ýmist um lækkun tolla eða niðurfellingu þeirra. Samræmdar reglur um uppruna á grundvelli fríværslunarsamninga sem Ísland er aðili að tóku gildi þann 1. janúar 1997. Upprunareglur gefa til kynna þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að vara geti talist upprunnin í tilteknu ríki.

Nýju upprunareglurnar hafa í för með sér að ákvæði um hráefnisnotkun rýmka allnokkuð. Samkvæmt eldri reglum EES-samningsins var einungis heimilt að nota hráefni sem fengin voru í ríkjum sem áttu aðild að samningnum um framleiðslu á upprunavörum með fyrirvörum um notkun þriðja lands hráefnis. Samkvæmt nýju reglunum er heimilt að nota hráefni frá fleiri ríkjum sem eru aðilar að fríværslunarsamningum sem Ísland hefur gert, þó með ákveðnum skilyrðum.

Útflytjendur þurfa að kunna glögg skil á þessu efni og er þessu tífunda riti í ritröðinni *Hollráð fyrir útflytjendur um Upprunareglur og fríðindameðferð* ætlað að vera aðstoð í því sambandi. Ritið er sem fyrr gefið út með stuðningi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sem Útflutningsráð þakkar.

Reykjavík í janúar 1999
Útflutningsráð Íslands

**Meginefni
uppruna-
reglnanna**

Til þess að vara geti hlotið fríðindameðferð samkvæmt EES samningnum þarf hún að hafa EES uppruna. Vara getur að öllu leyti verið fengin á EES svæðinu eða hafa hlotið þar nægilegan virðisauka.

Fylgihlutir, varahlutir og verkfæri, sem send eru með búnaði, vél, tæki eða ökutæki, og teljast eðlilegur búnaður og eru innifalin í verðinu eða eru ekki á sérstökum vörureikningi, skulu skoðast sem hluti af viðkomandi búnaði, vél, tæki eða ökutæki.

Samstæður skulu skoðast sem upprunavörur þegar allir vöruhlutar eru upprunavörur. Þó skal samstæða sem samsett er bæði af upprunavörum og vörum sem ekki eru upprunavörur teljast í heild upprunavörur, að því tilskildu að verðmæti þeirra vara sem ekki eru upprunavörur sé ekki meira en fimmtán af hundraði af verksmiðjuverði samstæðunnar.

Þegar ákvarða þarf hvort vara sé upprunnin á evrópska efnahagssvæðinu er ekki nauðsynlegt að taka tillit til þess hvort orka, framleiðsluaðstaða, búnaður, svo og vélar og verkfæri sem notuð eru til framleiðslunnar hafa upprunaréttindi eða ekki. Sama gildir um vörur til framleiðslunnar sem ekki mynda, eða ekki var ætlað að mynda, efnisþátt í framleiðsluvörunum.

**Ávinningur
útflytjenda
af
sam-
ræmdum
uppruna-
reglum**

Aðföng til framleiðslu á Íslandi má flytja inn frá öllum löndum sem eru aðilar að samræmdu upprunareglunum án þess að réttur til fríðindameðferðar við innflutning til sömu landa glatist, að því tilskildu að sanna megi uppruna hráefnis, hluta og íhluta sem notaðir eru til framleiðslunnar.

Framleiðandi hefur heimild til að nota hráefni/íhluti sem upprunnin eru í hverju því ríki sem er aðili að samræmdu upprunareglunum. Til að vara teljist íslensk þarf innlendir virðisauki að vera meiri en verðmæti hráefnis frá einstökum ríkjum.

Auk þess getur hráefni frá þriðja landi orðið upprunavara hafi varan skipt um tollskrárnúmer eða verðmæti hráefnisins sé ekki meira en nemur tilteknum hundraðshluta af verksmiðjuverði vörunnar.

Nýr útflytjandi/framleiðandi þarf að kynna sér vandlega:

- hvaða lönd eru aðilar að samningum um samræmdar evrópskar upprunareglur
- hvenær vara telst að öllu leyti fengin á Íslandi og/eða á evrópska efnahagssvæðinu
- sérreglur sem gilda um sjávarafurðir
- upplýsingar um vörunúmer samræmdu tollskrárinnar hjá ríkistollstjóra eða samtökum atvinnugreina
- hvort vara er tilgreind á aðvinnslulista í viðbæti II með Bókun 4 með samningi um evrópska efnahagssvæðið
- sannanir um uppruna

**Ríki
með
samræmdar
uppruna-
reglur
í
fríverslunar-
samningum**

Ríki Evrópusambandsins

- Austurríki
- Belgía
- Bretland
- Danmörk
- Finnland
- Frakkland
- Grikkland
- Holland
- Írland
- Ítalía
- Lúxemburg
- Portúgal
- Spánn
- Svíþjóð
- Þýskaland

EFTA-ríkin

- Ísland
- Lichenstein
- Noregur
- Sviss

Ríki í Mið- og Austur-Evrópu

- Búlgaría
- Eistland
- Lettland
- Litháen
- Pólland
- Rúmenía
- Slóvakía
- Slóvenía
- Tékkland
- Ungverjaland

Ávinningur af nýju upprunareglunum er umtalsverður, einkum að því er varðar framleiðslu og viðskipti aðildarlandanna. Auk þess hagræðis sem einfaldari og samræmdar reglur hafa í viðskiptum stuðla þær að aukinni samvinnu fyrirtækja á svæðinu og hvetja til öflunar hráefnis frá stærra svæði en áður hefur verið kostur á. Líta má á evrópsku upprunareglurnar sem skref í áttina að því gera aðildarríkin að einu stóru fríverslunarsvæði.

Upprunavara

Tvær meginreglur gilda um ákvörðun upprunavöru:

- a) Varan verður að öllu leyti að vera fengin í viðkomandi ríki eða fríverslunarsvæði.
- b) Sé vara ekki að öllu leyti fengin innan svæðisins, og við framleiðslu hennar hafi verið notað innflutt hráefni/íhlutir, verður *nægileg aðvinnsla* að hafa farið fram.

Vara að öllu leyti fengin á Íslandi/EES

(Íslensk upprunavara, vara upprunnin á evrópska efnahagssvæðinu)

- Jarðefni unnin úr jörðu á Íslandi eða úr hafsbotni við landið.
- Vörur úr jurtaríkinu sem ræktaðar eru á Íslandi.
- Lifandi dýr sem eru borin og alin á Íslandi.
- Afurðir dýra sem alin eru á Íslandi.
- Veiðibráð og fiskafurðir sem aflað er með veiðum innan fiskveiðilögsögu Íslands.
- Sjávarafurðir og aðrar afurðir teknar úr sjó utan landhelgi af íslenskum skipum.
- Afurðir unnar um borð í verksmiðjuskipum skráðum á Íslandi úr öllu sjávarfangi utan landhelgi Íslands/EES.
- Notaðar vörur sem safnað er á Íslandi og eingöngu er hægt að nýta til að vinna úr hráefni, þar á meðal notaðir hjólbarðar sem nýtast eingöngu til sólunar eða sem úrgangur.
- Úrgangur og rusl sem fellur til við framleiðslu á Íslandi.
- Vörur sem framleiddar eru á Íslandi úr þeim afurðum/hráefnum sem tilgreindar hafa verið hér á undan.

Sérreglur um uppruna sjávarafurða:

Sjávarafurðir sem aflað er innan íslenskrar fiskveiðilögsögu teljast upprunnar á Íslandi. Sömuleiðis teljast sjávarafurðir og aðrar afurðir teknar utan landhelgi af íslenskum skipum, svo og afurðir unnar um borð í þeim af íslenskum uppruna.

Til þess að skip/vinnsluskip geti talist íslensk verða þau að uppfylla *allar* eftirfarandi kröfur:

- Skipin séu skráð eða skrásett á Íslandi.
- Skipin siglí undir íslenskum fána.
- Skipin séu a.m.k. að hálfu í eigu íslenskra ríkisborgara eða fyrirtækis sem hefur aðsetur á Íslandi, enda séu framkvæmdastjóri, stjórnarformaður og meiri hluti stjórnarmanna íslenskir ríkisborgarar og minnst 50% höfuðstóls sé í íslenski eigu.
- Skipstjóri sé íslenskur ríkisborgari og minnst 75% af áhöfninni séu íslenskir ríkisborgarar.

Nægileg aðvinnsla

Teljast vara ekki vera fengin að öllu leyti eða gerð úr hráefnum, hlutum eða íhlutum sem ekki eru upprunavörur þarf að aðgæta hvort hún geti talist upprunavara vegna þeirrar aðvinnslu sem farið hefur fram í landinu. Niðurstaðan fer eftir þeim aðvinnsluglum sem gilda um viðkomandi vöru.

Skrá yfir tilskilda aðvinnslu efna sem ekki teljast upprunaefni til að framleiðsluvaran teljist upprunavara er í viðaukum við upprunareglur fríverslunarsamninga. (Viðbætur II með Bókun 4 um upprunareglur EES samningsins.) Reglurnar byggja á vörulýsingu og númerakerfi samræmdu tollskrárinnar. Því er nauðsynlegt að þekkja í hvaða vörulið varan flokkast til að geta lesið aðvinnsluglurnar af nákvæmni. Reglurnar kveða á um hvers konar aðvinnslu eða meðhöndlun þriðja lands hráefni verður að fá til að geta talist upprunavara.


Sjá slóð Ríkistollstjóra á vefnum: <http://www.tollur.is> og slóð Utanríkisráðuneytis sem birtir EES samninginn í heild: <http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/pages/front>.

Aðvinnsla þriðja lands hráefnis

Í aðvinnsluglunum sést hvenær vinnsla innan fríverslunarsvæðisins er nægileg til að þriðja lands hráefni verði að upprunavöru:

- *Varan skiptir um vörulið*. Öll hráefni, hlutar og íhlutar sem ekki eru upprunavörur verða að breyta um tollskrárnúmer.
- *Verðmætamörk*. Hráefni sem ekki er upprunavara má ekki fara yfir tiltekinn hundraðshluta af verðmæti fullunnar vörunnar.
- *Kröfur um tiltekna aðvinnslu*. Vara verður upprunavara ef hráefnið er unnið á tiltekinn hátt.

Dæmi um nægilega aðvinnslu iðnaðarvara úr hráefni frá þriðja landi:



Að því er sumar viðkvæmar framleiðsluvörur varðar er hins vegar tekið fram að hráefnið verði allt að vera fengið frá löndum sem eru aðilar að samræmdu upprunareglunum. Þetta á til dæmis við um allar sjávarafurðir.

10% frávikareglan

Það er almenn regla að ekki má nota þriðja lands hráefni við framleiðslu EES upprunavöru. Ef aðvinnslureglurnar krefjast þess að vara sé að öllu leyti fengin á Íslandi má varan eftir sem áður innihalda erlent hráefni sem nemur allt að 10% af verksmiðjuverði vörunnar án þess að missa íslenskan uppruna. Þetta hráefni þarf þó að verða hluti af fullunnu vörunni með einhvers konar vinnslu eða blöndun.

Ef aðvinnsluregla kveður á um að 40%, eða eitthvert annað hlutfall, af verðmæti vöru megi vera hráefni sem ekki er upprunaefni er ekki heimilt samkvæmt frávikareglunni að bæta 10% við þetta hlutfall. Þessi regla gildir um allar vörur nema vefnaðarvörur, þ.e. vörur í tollskrárköflum 50 til 63.

Bókhaldsleg aðgreining

Í viðskiptum milli Evrópusambandsins og EFTA, og milli EFTA ríkjanna innbyrðis, er mögulegt að beita því sem kallað er bókhaldsleg aðgreining vara. Við tiltekna aðstæður geta tolyfirvöld heimilað framleiðanda að blanda saman í vinnslu upprunaefni og hráefni sem ekki er upprunaefni, sem án sérstakrar heimildar myndi leiða til þess að enginn hluti vörunnar teldist upprunavara. Sem dæmi má taka fiskvinnslufyrirtæki sem vinnur tiltekna sjávarafurð bæði úr íslenskum fiski og aðkeyptu hráefni sem ekki er af íslenskum uppruna. Ef sérstökum erfiðleikum er bundið að halda þessu hráefni aðskildu við vinnslu er mögulegt að fá heimild til bókhaldslegrar aðgreiningar. Getur framleiðandi þá blandað efnunum saman og er nægjanlegt að hann sýni fram á með bókhaldslegum gögnum að í hverri sendingu sem flutt er út sem upprunavara sé ekki meira en 10% af hráefni sem ekki er upprunavara. Það hráefni þarf með fullnægjandi blöndun eða vinnslu að verða hluti af upprunavörunni, sbr. það sem að framan segir um 10% frávikaregluna.

Markmið þess að heimila bókhaldslega aðgreiningu er að forðast óhagkvæmni við vinnslu og aukakostnað sem getur fylgt því að halda hráefni aðskildu, en í henni felst ekki að meira af hráefni njóti tollfríðinda en almennar reglur segja til um.

Einföld aðvinnsla

Reglur aðvinnslulistans og regluna um breytta tollflokkun þarf alltaf að skoða í ljósi þess að eftirfarandi telst *aldrei* nægileg aðvinnsla til að veita upprunaréttindi, þó svo að skilyrðum um breytta tollflokkun eða verðmæti vöru frá þriðja landi í aðvinnslulistanum sé fullnægt:

- a) Aðgerð til að tryggja að framleiðsluvörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu stendur (viðrun, breiðsla, þurrkun, kæling, þækilsöltun, niðurlagning í brennisteinsvatn eða aðrar vatnsupplausnir, fjarlæging skemmdra hluta og sambærilegar aðgerðir).
- b) Einfaldar aðgerðir til að rykhreinsa, sigta eða sálða, sundurgreina, flokka, velja saman (þar á meðal að útbúa hluti í samstæður), þvo, mála eða hluta í sundur.
- c) 1) Skipti á umbúðum, svo og uppskipting og sameining.
2) Einföld átöppun á flöskur, glös, setning í poka, kassa, öskjur, á spjöld eða töflur o.s.frv. og allar aðrar einfaldar þökkunar-aðgerðir.
- d) Festing merkja, miða eða annarra slíkra auðkenna á framleiðsluvörur eða umbúðir þeirra.
- e) Einföld blöndun framleiðsluvara, hvort sem um er að ræða ólíkar vörur eða ekki, þar sem einn eða fleiri íhlutar blöndunnar fullnægja ekki skilyrðum þeim um uppruna á EES sem sett eru í bókun 4.
- f) Einföld samsetning vöruhluta þannig að úr verði fullgerð framleiðsluvara.
- g) Sameining tveggja eða fleiri aðgerða sem tilgreindar eru í liðum a til f.
- h) Slátrun dýra.

Litið skal á allar aðgerðir sem fara fram innan EES á tiltekinni framleiðsluvöru sem eina heild þegar ákvarðað er hvort aðvinnsla hennar telst ófullnægjandi í ofangreindum skilningi.

**Víðtæk
eða
þríhliða
uppsöfnun
uppruna**

Einn meginávinningur samræmdra upprunareglna felst í því sem kalla má *víðtæka eða þríhliða uppsöfnun uppruna* (Diagonal Cumulation).

Með uppsöfnun uppruna er átt við að framleiðanda í einu ríki er veitt heimild til að nota hráefni/íhluti sem upprunnin eru í hverju því ríki sem er aðili að nýju upprunareglunum í vöru sem flutt er út til aðildarríkjanna, án þess að fullunna framleiðsluvaran missi tollfríðindi.

Skilyrðin eru að:

- hráefni/íhlutir séu upprunnir í samningsríki
- innlend verðmætisaukning sé meiri en verðmæti hráefnis/íhluta frá einstöku ríki


Í öllum fríverslunarsamningum er ákvæði um tvíhliða uppsöfnun uppruna sem hefur í för með sér að framleiðandi í einu ríki, sem er aðili að tilteknum samningi, má nota hráefni frá öðrum ríkjum sem eru aðilar að þessum sama samningi, án þess að varan glati uppruna við útflutning til sömu ríkja. Sem dæmi má taka fríverslunarsamning Íslands og Evrópusambandsins. Íslenskur framleiðandi getur notað hráefni frá einhverju ríki innan ESB og varan er eftir sem áður íslensk upprunavara þegar hún er flutt út til ESB og nýtur tollfrelsis samkvæmt þeim samningi. Ef aftur á móti hefði verið notað hráefni frá Póllandi missti varan íslerskan uppruna samkvæmt ákvæðinu um tvíhliða uppsöfnun uppruna, og skipti þá ekki máli þótt bæði Ísland og ESB hafi gert fríverslunarsamning við Pólland sem kveður á um tollfrelsi vörunnar.

Hins vegar eru ákvæði í samningnum um evrópska efnahagssvæðið (EES), sem tók gildi 1. janúar 1994, sem heimila uppsöfnun upprunaréttinda milli allra aðildarríkja samningsins, og er í raun litið á allt EES-svæðið sem eitt framleiðsluríki hvað uppruna varðar og teljast vörur þaðan EES-upprunavörur.

Upprunaland vöru er venjulega það land sem varan er framleidd í, svo fremi sem verðmæti vinnslunnar sem þar fer fram er meira en innflutta hráefnisins. Ef hráefnið er verðmeira en virðisaukinn í framleiðslulandinu telst varan upprunnin í því landi sem hráefnið kemur frá. Þetta ætti hins vegar sjaldnast að hafa áhrif á tollfríðindi ef um iðnaðarvöru er að ræða þar sem ákvæði um fríverslun með iðnaðarvörum eru nokkurn veginn eins í öllum samningunum.

Framleiðsla vöru á Íslandi úr hráefni frá Póllandi er dæmi um *uppsöfnun upprunaréttinda* samkvæmt ofangreindu. Í útflutningi til ESB telst þessi vara vera af íslenskum uppruna nema því aðeins að verðmæti pólska hráfnisins sé meira en þeirrar vinnslu sem fór fram innanlands. Sé svo telst varan af pólskum uppruna. Í báðum tilvikum nýtur varan tollfrelsis við útflutning, í fyrra tilvikinu á grundvelli samnings Íslands ESB, þ.e. EES-samningsins, og í síðara tilvikinu á grundvelli fríverslunarsamnings Póllands og ESB.


Dæmi um þorsk frá Póllandi unninn á Íslandi:



Sé vara framleidd úr hráefni frá fleiri en einu ríki, til dæmis íslensk framleiðsla úr hráefni frá Tékklandi, Búlgaríu og Slóveníu, telst uppruni hennar í því landi sem mesta verðmætið kemur frá.

Varan myndi til dæmis teljast af íslenskum uppruna ef hráefni frá hverju einstöku þessara ríkja er lægra heldur en virðisauki innlendrar vinnslu, jafnvel þótt samanlagt verðmæti hráfnisins sé hærra en innlendi virðisaukinn.

Dæmi um víðtæka uppsöfnun uppruna:



**Verðmæti
hráefnis
og
vinnslu**

Við ákvörðun um uppruna vöru sem framleidd er úr hráefnum frá fleiri en einu ríki, eða þegar ákvarða þarf hvort hráefni sem ekki er upprunaefni hafi hlotið nægilega aðvinnslu, þarf að meta verðmæti hráefna og vinnslunnar sem hlutfall af verksmiðjuverði vörunnar.

Verksmiðjuverð vöru í þessu samhengi telst það verð sem framleiðanda er greitt fyrir vöruna frá verksmiðju hafi lokavinnsla farið fram í verksmiðju hans. Tilskilið er að í verðinu sé innifalið verðmæti alls efnis sem notað er, að frádregnum innlendum álögum sem endurgreiða má við útflutning vörunnar.

Verðmæti innflutts hráefnis er tollverð þess. Ef verðmætið er óþekkt og ekki verður sannað hvert það er, þá er það fyrsta verðið sem sannanlega hefur verið greitt fyrir efnið.

**Frjáls
flutningur
vara**

Heimild til flutnings vöru innan evrópska upprunareglusvæðisins hefur verið rýmkuð verulega með nýju reglunum, bæði hvað varðar flutning fullunninnar vöru og hálfunninnar til vinnslu í öðru landi en framleiðslulandinu. Þetta var gert með breytingu á reglum sem varða yfirráðasvæði og beinan flutning.

Í *meginreglunni um yfirráðasvæði* felst að öflun upprunaréttinda verður að fara óslitið fram innan landa sem eru aðilar að tilteknum fríverslunarsamningi. Það svæði sem vara getur öðlast uppruna í hefur verið stækkað í evrópsku upprunareglunum þannig að það nær nú til allra landa innan evrópska upprunareglusvæðisins. Þetta þýðir að vöru framleidda á Íslandi má t.d senda til Tékklands til frekari vinnslu og síðan endursenda hana til Íslands eða annarra ríkja innan evrópska upprunareglusvæðisins án þess að hún missi réttindi tengd íslenskum uppruna.

Í flestum fríverslunarsamningum er ákvæði um *beinan flutning* þar sem kveðið er á um að vöru verði að flytja beint frá einum aðila samningsins til annars samningsaðila eigi varan að njóta fríðinda á grundvelli viðkomandi samnings. Samkvæmt nýju evrópsku upprunareglunum mynda öll ríkin sem hafa tekið upp þessar reglur eitt svæði þannig að vöru má flytja hvert sem er innan þeirra án þess að upprunaréttindi glatist.

Upprunasannanir

Upprunasannanir verða alltaf að vera fyrir hendi ef ætlunin er að fá fríðindameðferð á vöru. Í þessu skyni er notað upprunaskírteini, *EUR.1 flutningsskírteini* eða *yfirlýsing á vörureikningi*.

Samkvæmt evrópsku upprunareglunum geta tollayfirvöld í einu ríki gefið út upprunaskírteini sem sýnir að varan sé upprunnin í öðru ríki, enda hafi útflytjandi lagt fram upprunasannanir frá raunverulegu upprunaríki. Dæmi um slíka upprunasönnun er *yfirlýsing birgis* vegna hráefnis eða hluta í vöru sem er upprunavara í öðru landi en því sem endanlega varan er framleidd í og heimilt er að nota sem upprunavöru á grundvelli ákvæða um uppsöfnun uppruna.

Við innflutning á vörum skulu tollayfirvöld ganga úr skugga um að fullgild upprunasönnun liggi fyrir áður en fríðindameðferð er veitt.

Við útflutning frá Íslandi skal útflytjandi útvega upprunasönnun ef um er að ræða vöru sem á að hljóta fríðindameðferð í viðtökulandinu.

Undanþága frá framlagningu upprunavottorða

Vörur sem sendar eru sem smáböggjar milli einstaklinga, eða eru í persónulegum farangri ferðamanna, geta fengið fríðindameðferð án framlagningar upprunavottorða að því tilskildu að þær sé ekki fluttar inn í viðskiptaskyni og að um upprunavöru sé að ræða. Undanþágan er bundin því að verðmæti upprunavöru fari ekki fram úr 500 ECU þegar um smáböggla er að ræða og ekki fram úr 1200 ECU ef farangur ferðamanna á í hlut.

EUR.1 skírteini

EUR.1 skírteini er gefið út af tollayfirvöldum í útflutningslandinu eftir umsókn útflytjanda sem skráir allar upplýsingar á skjalið og ber ábyrgð á því að þær séu réttar. Útflytjandi afhendir síðan umsóknina um flutningsskírteini/EUR.1 tollayfirvöldum í útflutningshöfn og útfyllt EUR skírteini ásamt gögnum sem staðfesta að þær vörur sem tilgreindar eru í flutningsskírteininu eigi að flytja út. Venjulega er það útflutningsskýrsla ásamt vörureikningi. Tollayfirvöld gefa skírteinið síðan út með því að undirrita það og stimpla. Útflytjandinn fær frumrit skírteinisins sem þannig útfyllt telst vera fullgilt upprunaskírteini. *Sjá dæmi á bls. 20-23 um umsókn um flutningsskírteini og útfyllt EUR.1 skírteini.*

Yfirlýsing á vörureikningi

Tollyfirvöld útflutningslands geta viðurkennt útflytjanda og heimilað honum að gefa út yfirlýsingu um uppruna á vörureikningi óháð verðmæti viðkomandi framleiðsluvöru.

Til að geta orðið viðurkenndur útflutningsaðili þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Útflytjandi stundar tíðar sendingar á framleiðsluvörum.
2. Veita tollyfirvöldum fullnægjandi tryggingar fyrir því að útflutningsvörur séu upprunavörur og fullnægi öðrum kröfum upprunareglna.
3. Útflytjandi fær sérstakt tollleyfisnúmer sem koma skal fram á yfirlýsingu á vörureikningi.
4. Tollyfirvöld hafa eftirlit með notkun viðurkennds útflytjanda á leyfinu.

Hér á landi er sótt um leyfi til ríkistollstjóraembættisins. Tollyfirvöld geta bæði sett frekari skilyrði og afturkallað leyfi hvenær sem er, t.d. vegna þess að skilyrði eru ekki uppfyllt eða leyfið misnotað.

Texti yfirlýsingar á vörureikningi

Yfirlýsing á vörureikningi skal gefin út með þeim hætti að útflytjandi vélritar, stimplar eða prentar á vörureikninginn yfirlýsingu með þeim texta sem segir í samningnum. Þegar um er að ræða vöru sem á að hljóta sérstaka tollmeðferð samkvæmt EES samningnum skal yfirlýsingin vera eftirfarandi:

Útflytjandi framleiðsluvöru sem skjal þetta tekur til (leyfi tollyfirvalds nr.---⁽¹⁾) lýsir því yfir að vörurnar séu, ef annars er ekki greinilega getið, af EES fríðindauppruna.

(Staður og dagsetning) ⁽²⁾

Á ensku skal yfirlýsingin vera svohljóðandi:

The exporter of the products covered by this document (customs authorization No.---⁽¹⁾) declares that, except where otherwise clearly indicated, these products are of EEA preferential origin.

(Place and date) ⁽²⁾

¹⁾Þegar viðurkenndur útflytjandi gefur út yfirlýsingu á vörureikningi skal leyfisnúmer hans koma fram í þessari eyðu

²⁾Ekki er þörf á að taka þetta sérstaklega fram ef upplýsingarnar koma fram á skjalinu sjálfu.

Mikla alúð þarf að leggja við gerð allra skjala sem varða innflutning hráefnis/íhluta og leggja áherslu á að rétt skírteini eða yfirlýsingar fylgi með öllum vörum frá birgjum. Þá þarf ekki síður að vanda til frágangs útflutningsskjala sem færa sömmur á uppruna til að tryggja fríðindameðferð í viðtökulandinu.

Sannprófun upprunagagna

Sannprófun upprunagagna getur farið fram allt að þremur árum eftir að innflutningur/útflutningur á sér stað og í kjölfar hennar kæmi til innheimtu vangoldinna tolla reyndust upprunagögn röng. Því er mikilvægt að útflytjendur og aðrir sem bera ábyrgð á því að upplýsingar um uppruna séu réttar geymi öll nauðsynleg skjöl tengd útflutningi/innflutningi að minnsta kosti jafnlengi, eða 3 ár.

Afleiðingarnar af útgáfu rangra upprunaskírteina eru ekki aðeins innheimta og endurkrafa vangoldinna tolla heldur geta þær varðað refsíábyrgð og haft í för með sér glataða viðskiptavild og traust hins brotlega fyrirtækis/einstaklings.

Upprunavottorð - "Certificate of Origin"

Sum lönd krefjast upprunavottorðs "Certificate of Origin" við innflutning. Ástæður geta verið þær að sækja þarf um innflutningsleyfi eða fylgjast verður með vörum sem háðar eru innflutningstakmörkunum. Sérstök athygli skal vakin á því að hér er ekki um að ræða upprunaskírteini samkvæmt þeim fríverslunarsamningum sem Ísland er aðili að og ekki er unnt að byggja fríðindameðferð á slíkum upprunavottorðum. (Undantekning er þó Grænland.)

Útflytjandi á Íslandi getur notað hérlent upprunavottorð þegar staðfesta skal íslenskan uppruna vöru. Hverju upprunavottorði fylgir umsóknareyðublað þar sem útflytjandinn á að veita upplýsingar, meðal annars um uppruna viðkomandi vöru og gefa yfirlýsingu vegna vottorðsins. Við útflutning skulu tollyfirvöld staðfesta upprunavottorð á grundvelli þeirra upplýsinga sem skráðar eru á umsóknarblaðið. *Sjá dæmi á bls. 24-25 um útfyllt upprunavottorð og umsókn um vottorð.*

**Flæðirit
til
ákvörðunar
uppruna-
réttinda**

